



MENNTASKÓLINN
Á EGILSSTÖÐUM

Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2013-2014

júní 2014

Efnisyfirlit

Almennt um starfið.....	2
Nemendakönnun	2
Könnun á viðhorfum fjarnema.....	3
Áfangamat	4
Könnun á viðhorfum og líðan kennara	5
Rýnihópur	6
Tölfræði	7
Næstu verkefni	8

Almennt um starfið

Á haustönn 2013 skipuðu sex kennarar starfshóp um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Það eru Árni Ólason, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Marianna Jóhannsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir og Tinna K. Halldórsdóttir sem hætti í hópnum um áramót. Jón Ingi var verkefnisstjóri hópsins. Á haustönn voru haldnir 3 fundir og á vorönn 5. Tímafjöldi vegna funda og vinnu á skólaárinu voru 121 klst.

Frá haustdögum 2011 hefur starf innra mats hópsins að mestu leytir snúið að þeim náms- og kennsluháttum sem þá voru teknir upp, þ.e. spönnum og verkefnatímum. Nú vikkaði hópurinn út athuganir sínar og jók áherslu á almennt starf í skólanum. Áhersla var lögð á að meta viðhorf kennara og nemenda, bæði dagskólanemenda og fjarnemenda, til skólustarfsins í heild og að kanna starfsanda og líðan kennara með samanburð við fyrra ár í huga. Öllum hópum var gefinn kostur á að koma með tillögur til úrbóta.

Á haustönn var lögð fyrir nemendur viðhorfakönnun sem keypt var frá Skólapúlsinum. Áfangamat var lagt fyrir í flestum áföngum á seinni haustspönn. Viðhorfakönnun varðandi nýja námshætti, samskipti og líðan var lögð fyrir fjarnema. Ein könnun var lögð fyrir kennara, hún varðaði viðhorf til skólustarfsins og líðan og starfsánægju. Rýnihópur nemenda hittist einu sinni á vorönn og lýsti upplifun sinni af skóladvölinni.

Starfshópurinn hefur gert sér starfsáætlun fyrir næsta skólaár. Fyrir liggur að semja áætlun um innra mat til þriggja ára.

Nemendakönnun

Í nóvember 2013 voru 160 nemendur í dagskóla beðnir að svara könnun á líðan og skólabrag sem var unnin og lögð fyrir af fyrirtækinu Skólapúlsinn. Könnunin er samræmd og styrkt af Lýðheilsusjóði. 117 nemendur svöruðu könnuninni eða 73,1%. Könnunin skiptist í þrjá hluta; líðan, skólabrag og opin svör þar sem nemendur lýstu annars vegar því sem þeim þykir gott við skólann og hins vegar því sem þeim þykir slæmt við skólann. Í líðan var m.a. spurt um vellíðan, hamingju, sjálfsálit, líkamsmynd, steranotkun, megrun og ýmsa andlega og líkamlega kvilla. Spurningar um skólabrag sneru að viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum, stuðningi kennara, virkni í tímum, samsömun við nemendahópinn, einelti, áreitni og ofbeldi og fjarverur úr tímum. Fyrirtækið vann einnig úr niðurstöðum, bæði heildarniðurstöður og skiptingu eftir kyni og loknum einingum.

Með því að taka þátt í könnun Skólapúlsins fékkst samanburður við aðra framhaldsskóla en alls tóku 13 framhaldsskólar þátt í könnuninni að þessu sinni og náði hún til stórs hluta allra framhaldsskólanema á landinu. Í skólum með yfir 200 nemendur svaraði 160 nemenda líkindaúrtak könnuninni. Við samanburð milli skóla var notaður normaldreifður mælikvarði sem tekur gildi á bilinu 0-10 með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Helstu niðurstöður voru þær að nemendur ME svöruðu spurningum um líðan og skólabrag á mjög svipaðan hátt og nemendur annarra skóla og skáru sig yfirleitt ekki úr. T.d. virtist hamingja þeirra vera nákvæmlega á meðaltali og svör nemenda ME við spurningum um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og líkamsmynd mældust 4,9 á kvarðanum þar sem meðaltalið var 5 og vellíðan þeirra mældist 4,7. Virk þátttaka nemenda ME í tímum og samsömun við nemendahópinn mældist líka 4,9 en stuðningur kennara mældist 5,1 á sama mælikvarða. Svör sem bentu til þunglyndis komu fram hjá 13% nemenda ME en meðaltalið var þar 10%. Hlutfall nemenda með mikinn kvíða var 18,3% í ME en 13,6% í könnuninni í heild og er þetta nokkuð mikill munur sem vert er að gefa gaum. Hlutfall nemenda ME sem sýndu sterk einkenni athyglisbrests var 11,2% en meðaltalið var 9,1%. Aðeins 3,6% nemenda ME höfðu vísbendingu um megrunarþráhyggju en þar var meðaltal allra skólanna 5,8%. Sama hlutfall, 3,6%, þjáðist mögulega af lotugræðgi (4% á landsvísu). Hlutfallslega færri nemendur ME fóru líka í megrun á síðasta ári 22,1% miðað við 29,1% að meðaltali yfir heildina. 1,8% nemenda ME sagðist nota stera reglulega en 2% á landinu í heild. Svefnvenjur ME-inga skera sig ekki úr fjöldanum en þar kom fram að 35,7% þeirra sögðust sjaldan eða aldrei fá nægan svefn (35,6% á landsvísu). Hlutfall þeirra ME-inga sem líður vel í skólanum, eru ánægðir með hann, mæla með honum og eru stoltir af honum (eru sammála öllum fjórum atriðum) mældist 53,2% (58,9% á landsvísu). Þegar spurt var um einelti kom fram að hlutfall nemenda ME sem upplifðu stundum eða oft sl. mánuð baktal, útilokun, særandi athugasemdir eða vanlíðan vegna framkomu annarra var 8,1% (8,4% á landsvísu). Hlutfall nemenda ME sem upplifðu ofbeldi, niðurlægingu eða áreitni a.m.k. einu sinni síðastliðinn mánuð var 16,5% og er það nokkru lægra en meðaltal sem var 20,6%. Loks var spurt um fjarveru án leyfis og kom fram að hlutfall nemenda ME sem skröpuðu að minnsta kosti einu sinni í tíma á síðustu 2 vikum var 53,2% á móti 56,6% á landsvísu og 25,2% ME-inga skröpuðu einhverju sinni heilan dag á síðustu 2 vikum en þar var meðaltalið 28,6%. Mæting virðist því heldur betri í ME en gengur og gerist. Í lok könnunarinnar gafst nemendum kostur á að segja frá eigin brjósti annars vegar eitthvað jákvætt og hins vegar eitthvað neikvætt um skólann sinn. Erfitt er að flokka svörin og bera þau saman en tæplega 80 nemendur ME rituðu jákvæða athugasemd á móti um 60 neikvæðum. Fróðlegt er að lesa þessar athugasemdir sem voru mjög fjölbreyttar, það sem einn taldi kost við skólann taldi annar vera galla og átti það t.d. við um spannakerfið sem fékk bæði jákvæðar og neikvæðar athugasemdir.

Þar sem könnunin nú var ekki á sama formi og undanfarin ár verða niðurstöður hennar ekki bornar saman við fyrri ár en á móti kemur samanburður við aðra skóla. Haldi samstarf við Skólapúlsinn áfram gefst á næsta ári tækifæri til samanburðar á milli ára.

Könnun á viðhorfum fjarnema

Könnun á viðhorfum fjarnema var lögð fyrir síðustu vikuna í nóvember. 58 nemendur svöruðu könnuninni og er það um 60% svarhlutfall. Í könnuninni var spurt um mat nemenda á ýmsu eins og notkun á kennsluvef samskipti við kennara, uppsetningu

áfanga á kennsluvef, verkefni, verkefnayfirferð og endurgjöf. Á kennarafundi var gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og nokkrir þættir dregnir saman sem eru eins konar úrbótatillögur. Niðurstöðurnar eru birtar á heimasíðu skólans á svæði innra mats¹.

Að mörgu leyti eru fjarnemar ánægðir með fjarnámið sem skólinn býður upp á en um 90% fjarnema telja það gott eða mjög gott. Auk þess telja þeir samskipti við kennara almennt góð. Fram kom að fjarnemum finnst framsetning á kennsluvef stundum óskýr, endurgjöf kennara nokkuð oft koma seint og útskýringar ekki alltaf nógu góðar.

Tillögur til úrbóta eru í fyrsta lagi að vanda betur skipulag og framsetningu á kennsluvef, fara nákvæmlega yfir leiðbeiningar og passa upp á að gömul fyrirmæli og gamlar dagsetningar þvælist ekki fyrir. Í öðru lagi þarf að skoða hvort áfangar fjarnema og dagskólanema eigi að vera aðskildir á kennsluvef. Í þriðja lagi þarf að flýta yfirferð og mati verkefna en í niðurstöðum kom fram að um 30% fjarnema telja endurgjöf kennara seina eða mjög seina og úr því þarf að bæta. Það sama gildir um útskýringar kennara á námsefni og fyrirmæli á kennsluvef.

Hugsanleg ástæða fyrir því að fjarnemum finnst framsetning á kennsluvefnum ekki nógu skýr gæti verið sú að kennarar hafi í auknum mæli mismunandi skipulag og/eða námsmat fyrir dagskóla- og fjarnema sem verður ruglingslegt á sömu síðunni. Fjarnemar þurfa oft nákvæmari fyrirmæli og útskýringar þar sem þeir sitja ekki kennslustundir. Af sömu ástæðu þurfa þeir að fá endurgjöf fyrr en seinna svo þeir viti hvort þeir eru á réttari leið í námi sínu. Eflaust væri vænlegt til árangurs að hafa sérstaka síðu fyrir fjarnema. Þannig væri hægt að gefa markvissari fyrirmæli og útskýringar sem henta hvorum hópi og endurgjöf til fjarnema verður einfaldari. Þetta kann að kosta vinnu en ávinningurinn er augljós. Uppsetning er þó einföld þar sem hægt er að afrita áfanga yfir á nýja síðu á kennsluvefnum.

Áfangamat

Undanfarin ár hefur áfangamat verið lagt fyrir í ME, þó ekki skólaárið 2011-2012. Markmið með áfangamatinu er margþætt. Kennarar fá mat á starfi sínu, stjórnendur skólans fá mat nemenda, tekin er staða á nýtingu verkefnatíma, hvort nemendur geta fengið aðstoð og hvort þeir geta unnið sjálfstætt. Áfangamatið hefur verið nýtt í viðtölum/samtölum sem skólameistari á við starfsmenn. Með þeim hætti nýtist áfangamatið á jákvæðan hátt til að efla starfsmann í sínu starfi og nýta áfangamatið til að leysa úr vanda ef einhver er. Rétt er að hafa í huga að áfangamat kann að vera viðkvæmt og persónulegt því getur verið vandasamt að vinna með það í viðtölum.

Nemendur mátu áfanga sína 23.-24. nóvember 2013. Að þessu sinni voru báðir áfangar á seinni haustspönninni metnir hjá hverjum kennara. Miðað var við hópa sem töldu fleiri en 9 nemendur. Notast var við vefkönnunarkerfið SurveyMonkey. Tenglar á könnunina voru settir upp á Moodle, kennsluvef skólans.

¹ Könnun á viðhorfum fjarnema. Desember 2013. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://me.is/images/fjarnemakonnun2013.pdf)
<http://me.is/images/fjarnemakonnun2013.pdf>

Meðaltal áfangamats vann Árni Ólason áfangastjóri. Kennarar fengu niðurstöður eigin áfanga í tölvupósti og meðaltalið var birt á kaffistofu kennara til samanburðar. Meðaltalið er birt á heimasíðu skólans á svæði innra mats².

Almennt eru niðurstöður áfangamatsins jákvæðar. Þeir þættir sem nemendur eru ánægðastir með er hvatning til sjálfstæðra vinnubragða, sanngirni kennara, undirbúningur þeirra fyrir tíma og hvernig þeir bregðast við spurningum. Það sem nemendum finnst að helst mætti bæta er að kennarar séu hvetjandi, sveigjanlegir, útskýri vel, geri námið áhugaverðara og sýni fram á tilgang með náminu.

Könnun á viðhorfum og líðan kennara

Í mars 2014 var könnun um viðhorf og líðan lögð fyrir alla kennara og stjórnendur ME. Spurningarnar voru margar í samræmi við þær sem lagðar voru fyrir ári áður svo hægt væri að bera líðan og starfsanda saman við niðurstöður frá mars 2013. Margar spurninganna lutu að vinnuálagi, samskiptum og starfsanda, einnig var m.a. spurt um samþættingu, umsjónarfundi, mánudagsfundi, gæði náms, agastjórn, jafnrétti, starfsanda, starfsánægju, streituvalda og hvort kennarar hefðu minnkað kröfur í sínum áföngum. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu. 24 kennarar og stjórnendur svöruðu könnuninni eða 83%. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar á kennarafundi. Auk þess var samantekt helstu niðurstaðna send starfsmönnum í tölvupósti. Þær eru aðgengilegar á sameign kennara auk þess er spurningalistinn á heimasíðu skólans á svæði innra mats³.

Flestir kennarar eru sammála því að vinnan veiti þeim gleði, þeir hafa gott vald á starfi sínu sem þeir segja bjóða upp á krefjandi verkefni sem gaman er að glíma við og þeim líður vel í starfsmannahópnum. Hlutfall þeirra starfsmanna sem svara þessum spurningum játandi er hátt og hefur aukist lítillega frá árinu áður. Kennarar eru ánægðir með gæði náms við ME og öllum nema einum finnst ME góður vinnustaður. Þrátt fyrir það hafa 66% of mikið að gera og 64% finna fyrir streitu vegna starfsins. Stór hluti kennara svarar spurningum varðandi álag og álagspætti játandi. Hópastærðir, námsmat, vinnuálag, verkefnayfirferð, námsefnisgerð og tímaskortur er það sem veldur flestum álagi. Helmingur kennara nær ekki að klára vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma og 58% geta ekki stjórnað því hvað þeir hafa mikið að gera. Rúmlega helmingur kennara þarf að fást við agavandamál, ánægjulegt er að flestir kennarar beita skilvirkum aðferðum við agastjórn og vita hvert þeir eiga að leita þegar slík mál koma upp. Rúmlega helmingur kennara telur reglum um agabrot ekki framfylgt. Meirihluta kennara finnst umsjónartímar ekki nýtast vel. Athygli vekur að tæplega helmingur kennara hefur dregið úr námskröfum í áföngum sínum vegna breyttrar samsetningar nemendahópsins og 32% vegna nýrra kennsluhátta. Einnig telja 55% ekki staðið lýðræðislega að ákvarðanatöku á vinnustaðnum. Einungis 59%

² Áfangamat haustið 2013. Meðaltöl úr matskönnun meðal nemenda. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://me.is).
<http://me.is/images/afangamatid2014.pdf>

³ Spurningalisti könnunar um viðhorf og líðan kennara. Mars 2014. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://me.is).
<http://me.is/images/kennaraspurningar.pdf>

kennara telja jafnrétti vera á milli kynja í hópi kennara og 54% að eins sé komið fram við konur og karla á vinnustaðnum. Flestir kennarar telja nemendur búa við kynjajafnrétti og jafnrétti til náms í skólanum. Kennarar eru almennt ánægðir með vinnuaðstöðuna og telja sig geta viðhaft góðar vinnustellingar.

Kennarar eru mun sáttari með starfsandann nú en í fyrra og er mikil breyting þar á. 77% eru sammála því að starfsandinn sé hvetjandi og styðjandi en var tæplega helmingur í síðustu könnun og 79% árið 2011. 87% segja starfsandann afslappaðan og þægilegan á móti 36% í síðustu könnun og 83% 2011, 74% segir hann einkennast af samheldni og jákvæðni sem voru 36% síðast og 64% 2011 og nú telja 13% starfsandann einkennast af sundurlyndi og hópaskiptingu sem í síðustu könnun voru 44% og þar áður 26%. Stór hluti kennara fær stuðning og aðstoð frá skólameistara, öðrum stjórnendum og vinnufélögum og allir segja samskipti sín við starfsfólk góð. Fimm kennarar segja samskipti við skólameistara vera þeim streituvaldur og þrír nefna þar samskipti við aðra kennara. 55% kennara hafa tekið eftir óþægilegum ágreiningi á vinnustaðnum og álíka margir hafa orðið varir við baktal.

Streita hefur áhrif á einkalíf 55% kennara. Til samanburðar má nefna að í síðustu könnun var það hlutfall 67% og í könnun frá 2011 50%. Miðað við þessar tölur og að 64% finna fyrir streitu vegna starfsins virðist hún vera viðvarandi hjá kennurum skólans.

Rýnihópur

Í tengslum við innleiðingu spanna og verkefnatíma haustið 2011 var komið á sérstökum rýnihópi nemenda. Hópurinn hittist ekkert á haustönn 2013 en var einu sinni kallaður saman á vorönn, í maí. Nýir þátttakendur tóku sæti þeirra sem farnir voru úr skólanum. Hópurinn samanstóð af sjö nemendum sem valdir voru eftir námsbraut, námsári og kyni. Jón Ingi og María stýrðu fundinum. Fundurinn var tekinn upp á myndband og síðan skrifaður upp eftir bandinu. Fundarefni var vinna á spönninni með verkfall kennara í huga, nýting verkefnatíma, hvort fundarmenn vildu hverfa frá spönnum og taka upp annakerfi, mánudagstímar, líðan, félagslífið og umsjónartímar. Orðið var látið ganga á milli nemenda þannig að allir fengu tækifæri til að tjá sig. Nemendur töluðu opinskátt um reynslu sína og komu með ýmsar gagnlegar athugasemdir og ábendingar til úrbóta.

Misjafnt var hvernig nemendum hafði tekist að vinna á spönninni og ná sér á strik í náminu eftir verkfall. Einn nefndi að metnaðurinn hefði horfið, annar að áfangar spannarinnar hefðu verið þess eðlis að verkfallið skaðaði ekki og sá þriðji að efni áfanga hefði minnkað til samræmis við verkfallstímann og því hefði það ekki skipt miklu máli. Nemendur vilja ekki sleppa verkefnatímum og hafa eingöngu bundna tíma. Þeir eru sammála um að með góðri skipulagningu takist þeim að vinna stærsta hluta verkefna í skólanum en aldrei allt. Hvernig tímarnir nýtast fer eftir dagsformi nemandans og vinnufriðurinn veltur á kennaranum. Einum nemanda fannst auðveldara að vinna heima þar sem væri meiri friður og nefnt var að facebook og spjall smitaði út frá sér. Fámennir verkefnatímar virðast eiga hljómgrunn þar sem meiri líkur eru á vinnufriði og aðstoð kennarans er greiðari. Þegar spurt var hvort

nemendum hugnaðist að sleppa spönnum og fara yfir í annakerfi svaraði einn því játandi. Þrír nemendur nefndu tungumálanám sem ákveðið vandamál í spannakerfi þar sem keyrsla efnisins væri hröð á skömmum tíma. Aðspurðir voru nemendurnir fremur hlyntir að taka grunnáfangu í þriðja og fjórða tungumáli í annarkerfi. Misjafnt var hvernig nemendum líkar mánudagstímar, það er að hafa 45 mínútna kennslustund í öllum fögum á mánudögum. Tveimur fannst gott að fá kynningu á vikuplani, tveimur fannst það misjafnt eftir fögum og einn sagði þetta ekki henta þar sem tíminn væri of stuttur til að kenna. Einnig kom fram að sumir kennarar noti tímann til kennslu en kynni ekki áætlun vikunnar og fannst nemendum það neikvætt. Aðspurðir um líðan sína voru nemendurnir sammála um að önnin hefði verið skrýtin bæði vegna verkfalls og andláts vinar og samnemanda. Veturinn hefði verið erfiður og einn nefndi að hann væri eins og dofinn. Nemendur voru sammála um að boðið hefði verið upp á nánast allt sem hægt væri að bjóða upp á vegna þessa áfalls. Þegar nemendur eru spurðir um líðan sína fyrir utan áfallið nefnir einn stress út af verkfalli og annar pressu vegna útskriftar. Að öðru leyti líður þeim vel. Að þeirra mati hefur félagslífið gengið vel en fleira mætti vera í boði en böll. Nemendur ræða um ástæður dræmrar mætingar og nefna þá hópanda, ef fáir ætla að mæta nenna hinir ekki, og að þátttaka í félagslífi sé hvorki í menningu skólans né samfélaginu. Umsjónartímar falla ekki í kramið hjá nemendum. Þeir segja þá ekki virka vel, þetta séu rusltímar, tilgangslausir tímar, þar sé alltaf talað um það sama, sem skipulagstímar virki þeir ekki og þeir vilja láta leggja þá niður.

Tölfræði

Árni Ólason áfangastjóri tók saman tölulegar upplýsingar um nemendur skólaársins, bæði dagskólanemendur og fjarnemendur. Upplýsingarnar eru birtar á heimasíðu skólans á svæði innra mat.⁴ Á fyrri haustspönn sátu 277 dagskólanemendur 982 áfanga til loka í 3874 einingum. Þeir sögðu sig úr 31 áfanga, 118 einingum. Á seinni haustspönn sátu 258 dagskólanemendur 1101 áfanga til loka í 4193 einingum en höfðu þá sagt sig úr 35 áföngum, 155 einingum. Á vorönn sátu 255 dagskólanemendur 886 áfanga til loka í 3542 einingum á fyrri spönninni en sögðu sig úr 64 áföngum, 239 einingum. Á seinni spönninni sátu þeir 978 áfanga, 3632 einingar, til loka og sögðu sig úr 132 áföngum, 495 einingum. Þennan mun á milli spanna má skýra að hluta til með verkfalli kennara sem stóð yfir í þrjár vikur. Samt sem áður var meðaltal setinna eininga 14 einingar bæði á fyrri haustspönn og fyrri vorspönn og 16 einingar á seinni haustspönn og seinni vorspönn. Muninn á milli fyrri og seinni spanna má að hluta til skýra með því að þeir áfangar sem kenndir eru yfir önn eru taldir inn í seinni spönnina.

146 fjarnemendur sátu á fyrri haustspönn 83 áfanga til loka í 415 einingum og höfðu þá sagt sig úr 63 áföngum eða 315 einingum. Á seinni spönninni sátu 231 fjarnemandi 745 einingar til loka í 149 áföngum en þeir sögðu sig úr 89 áföngum, 445

⁴ Tölulegar upplýsingar um nemendur skólans 2013-2014. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://me.is).
<http://me.is/images/talnaupplýsingar2014.pdf>

einingum. Á fyrri vörspönn sátu 165 fjarnemendur 117 áfanga til loka í 585 einingum, úrsagnir voru úr 48 áföngum, 240 einingum. Á seinni vörspönn sátu 220 fjarnemendur 119 áfanga til loka í 595 einingum en sögðu sig úr 93 áföngum eða 465 einingum. Meðaltal setinna eininga fjarnemenda var 2,8 á fyrri haustspönn, 3,2 á seinni haustspönn, 3,5 á fyrri vörspönn og 2,7 á seinni vörspönn.

Næstu verkefni

Samkvæmt aðgerðaáætlun hefur starfshópur um innra mat síðastliðið skólaár beint sjónum sínum að skólastarfi almennt, líðan og viðhorfum nemenda og kennara í víðara samhengi. Nauðsynlegt er að kanna frekar að kennarar hafi dregið úr námskröfum í áföngum sínum. Það verður gert á haustönn 2014. Áætlað er að leggja viðhorfakönnun fyrir kennara á vorönn 2015. Nemendur munu meta áfanga sína á hverri spönn. Á skólaárinu verður tölulegum upplýsingum um nemendur safnað markvisst saman. Endurskoðun sjálfmatsáætlunar og gerð þriggja ára aðgerðaáætlunar mun fara fram á haustönn 2014.

Innra mat er öflugt tæki til að bæta skólastarf. Starfsfólk og nemendur taka virkan þátt í að meta skólastarfið og út frá því eru settar fram tillögur um úrbætur. Gera þarf umbótaáætlun sem stjórnendur fylgja og sjá til þess að úrbætur verði framkvæmdar. Starfshópurinn bindur vonir við að nýtt vinnulag verði til þess að umbótaferli verði virkt.

Hópurinn þakkar öllum þeim sem lögðu starfinu lið og tóku þátt í könnunum á skólaárinu.

Egilsstöðum í júní 2014

Jón Ingi Sigurbjörnsson
Jóney Jónsdóttir
Árni Ólason
Maríanna Jóhannsdóttir
Soffía Ingvarsdóttir